



Anna Magnea Hreinsdóttir

„Hversu lýðræðisleg á ég að vera?“ Þróunarstarf um lýðræði og mannréttindi í leikskólanum Árbæ

► Um höfund ► Efnisorð

Í greininni er fjallað um þróunarstarf og starfendarannsókn við leikskólann Árbæ. Allt starfsfólk skólans tók þátt í verkefninu í samstarfi við utanaðkomandi verkefnastjóra. Tilgangur með þróunarverkefninu var að efla lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum og stuðla að fræðslu og umræðum meðal starfsfólks um lýðræðislegan skólabrag og hvað í honum fælist, lýðræðisleg viðhorf og starfshætti. Einnig var með verkefninu ætlunin að leita eftir hugmyndum frá starfsmannahópnum um starfshætti sem styrkt gætu lýðræðislegan skólabrag í leikskólanum, reyna þær hugmyndir einn vetur í daglegu starfi og meta verkefnið að því loknu. Loks átti að semja námskrá í lýðræði fyrir leikskólann og láta reyna á hana í starfi. Í verkefninu var fylgst með þróun hugmynda og starfsaðferða í hópi kennara með reglulegri fræðslu, samráðsfundum og dagbóarskrifum stjórnenda. Niðurstöður eftir einn vetur benda til þess að starfendarannsóknin og þróunarstarfið hafi haft áhrif á starfsaðferðir og viðhorf starfsfólks við skólann. Starfsmenn urðu sér betur vitandi um lýðræðislega starfshætti og réttindi barna og greindu á markvissari hátt en áður hvernig ýta má undir og styðja samvinnu og virka hlustun í daglegu starfi. Lögð var áhersla á opið og hlýlegt andrúmsloft, aukin tækifæri í smærri hópum og samstarf á milli deilda. Markmið námskrár í lýðræði voru felld í fjóra flokka með hliðsjón af hópum sem standa að skólastarfinu og fram komu hugmyndir um frekara starf.

“How democratic should I be?” Increasing democracy in Árbær preschool

► About the author ► Key words

The article describes a collaborative action research project conducted in one preschool. The participants were the staff who collaborated with a project manager. The aim of the study was to educate and discuss democratic view's, practices and children's rights in the preschool. The aims were also to: elicit ideas from the staff on activities that promote a democratic atmosphere in the school; to try these ideas for one school year; to evaluate them and to write a curriculum on democracy and children's rights for Árbær preschool. Data were gathered throughout the study period from various sources such as from teachers' meetings and diaries.

The project started with a conference day in the beginning of August, 2012, which was used to teach about democracy in preschools. On that day, the staff decided to limit the project to:

- updating a contract on communications for children, parents and staff;
- exchanging ideas on integrating democratic activities;
- teaching democratic deliberation and cooperation;
- eliciting ideas on formal participation from children, parents and preschool staff;
- creating a curriculum on democracy and human rights.

The contract on communications that the staff updated in a democratic light showed that care and mindfulness should play a large part in the atmosphere at Árbær and that the staff should develop positive communication with parents and children. The preschool activities in Árbær should consist of joy and happiness so that children and staff look forward to attending school. Moreover positivity and politeness should prevail, good ideas should be welcomed and people should choose to be in a good mood at work. Respect and helpfulness were considered important, as was the fact that staff, parents and children participate in school activities.

The daily agenda in the preschool played a major role in promoting or reducing democracy. By working with the children in smaller groups and increasing staff presence in their play, democracy in the children's interactions could be promoted, including the children's choice of play materials, play areas and partners.

The staff saw opportunities in working together between departments in planning activities in the art room and the sports hall. They also thought that it would be preferable to update the "choice times" and make them more democratic. Each department decided on developing a democratic choice system that suited the children's age. There was interest in having the children, especially the older ones, make school rules. The staff decided that they should start activities next winter by making such rules with the children and having the children come up with mutual goals and wishes for visits (to the library for example), walks and so on.

In creating a curriculum on democracy and human rights the staff decided on the following categories:

- *The preschool and society.* Democracy is learned in the society and in the preschool as well.
- *The children.* The will, intuition, experience, skills and voices of children are respected and have impact on the preschool activities.
- *The staff.* The preschool head teacher is the professional leader and leads democratic cooperation between different groups in the school. The staff should have the opportunity to participate actively in the schools activities and influence them.
- *The parents.* Trust prevails between parents and staff so that interactive communication and a sharing of views can take place and joint decisions about individual children can be taken.

The findings indicate that participation in the action research influenced the staffs' ideas and practices. They became more aware of democratic practices and children's rights and how to support cooperation and active listening in their daily activities.

Inngangur

Þróunarverkefni var sett á laggirnar í leikskólanum Árbæ í sveitarfélaginu Árborg haustið 2012. Þróunarstarfið naut styrks frá Sprotasjóði en markmiðið var að auka lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum. Til að styðja innleiðingu grunnþátta menntunar samkvæmt

Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) leitaði leikskólastjóri til höfundar greinarinnar um að stjórna verkefninu en höfundur hefur unnið að rannsókn á lýðræðislegu umræðumati í leikskólum (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Taldi leikskólastjóri kennara og annað starfsfólk leikskólans vera óöruggt um það hvernig innleiða ætti lýðræði í leikskólann. Starfsmannahópurinn taldi lýðræði felast í kosningum og meirihlutavilja og skildi illa hvernig það ætti að tengjast daglegu starfi innan leikskólans. Hópurinn kallaði eftir fræðslu og handleiðslu við það verkefni að gera leikskólann að lýðræðislegum vettvangi samkvæmt ákvæðum *Aðalnámskrár leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Einnig fannst stjórnanda leikskólans vanta samábyrgð í starfsmannahópinn. Verkefnið fólst því í fyrsta lagi í fræðslu og umræðum starfsfólks um það hvað felst í lýðræðislegum skólabrag, viðhorfum og starfsháttum. Í öðru lagi var leitað eftir hugmyndum frá starfsmannahópnum um starfshætti sem styrkt gætu lýðræðislegan skólabrag í leikskólanum. Í þriðja lagi voru hugmyndirnar reyndar og ígrundaðar með dagbókarskrifum og ræddar einn vetur í daglegu starfi. Í kjölfarið var gerður samskiptasáttmáli fyrir leikskólann og hugmyndabanki um aukna aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að ákvarðanatöku, áætlanagerð, mati á námi barnanna og á starfi leikskólans. Þegar reynsla af verkefninu og mat á því lá fyrir var rituð námskrá um lýðræði í leikskólastarfi sem unnið verður eftir í leikskólanum.

Lýðræði í leikskólastarfi

Lýðræði staðfestir rétt allra, sem starfa að uppeldismálum, til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þá og þátttöku þeirra í lífi skólanna. Réttur til þátttöku nær til kennara, foreldra, nemenda svo og annarra þeirra sem sinna störfum eða taka þátt í lífi skólanna. Það fylgir lýðræði í skólum, að allir sem hlutverk hafa í skólanum axli hluta af ábyrgðinni á gæðum og framgangi verka í stofnuninni.

(Wolfgang Edelstein, 2008a, bls. 72)

Réttur þeirra sem að skólastarfi koma til áhrifa er ljós og margt sem hvetur til lýðræðislegra starfshátta í leikskólastarfi á Íslandi. Má þar fyrst nefna *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013) sem Ísland hefur verið aðili að frá árinu 1992 og lögfesti árið 2013. Hann lögfestir þá skyldu aðildarríkja að tryggja að hvert barn, án nokkurrar mismununar, sé upplýst um og taki þátt í að móta málefni sem það varðar. Hann kveður á um að tryggja eigi barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjállega í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Börn eiga sem sé að eiga aðild að ákvarðanatöku um það sem skiptir máli í lífi þeirra, svo sem í skólastarfi. Í öðru lagi hefur frá árinu 1991 eitt af meginmarkmiðum laga um leikskólastarf verið að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (*Lög um leikskóla* nr. 48/1991, 78/1994, 90/2008). Í þriðja lagi má nefna að frá því að *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili* leit fyrst dagsins ljós árið 1985 (Menntamálaráðuneytið, 1985) hefur áhersla verið lögð á að barnaupplendi sé nátengt þeirri menningu og því þjóðfélagi sem börnin alast upp í, en í *Uppeldisáætluninni* eru lífsgildi og mannskilningur Íslendinga talin byggjast meðal annars á gamalli lýðræðishugsjón. Með tilkomu *Aðalnámskrár leikskóla* árið 1999 (Menntamálaráðuneytið, 1999) var lögð rík áhersla á að kenna eigi börnum lýðræðisleg vinnubrögð og gert ráð fyrir virkri þátttöku þeirra í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Lýðræði og mannréttindi eru einn af sex sameiginlegum grunnþáttum menntunar í aðalnámskrám allra skólastiga sem gefnar voru út árið 2011 og þar er gengið út frá samábyrgð og virkni barna í að móta samfélag sitt og hafa áhrif (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Einnig er lögð áhersla á mikilvægi lýðræðislegra viðhorfa, gildismats og siðferðis og að skólum beri að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Nánar er kveðið á um að lýðræði sé mikilvægt í skólastarfi og því þurfi annars vegar að taka mið af því í skólastarfi að börn taki

þátt í lýðræðissamfélagi og læri um þess háttar samfélög. Hins vegar er talið að skólar þurfi að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það felur í sér að lögð er stund á lýðræðisnám sem snýst um að efla reynslu barna og getu til áhrifa og að leggja stund á lýðræðislega siði og venjur í skólasterfi. Í þeim hluta *Aðalnámskrár* sem eingöngu snýr að leikskólastiginu er sérstakur kafli sem fjallar um lýðræði og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag.

Lýðræðisleg viðhorf og starfshættir

Í lýðræði felst að einstaklingar séu sjálfráðir um eigið líf og eigi möguleika á að taka virkan þátt í mótun skólasterfs. Starfshættir í skólum eiga því að miða að því að efla lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun og viðurkenningu á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika (Dewey, 1916/2007; Malaguzzi, 1993; Rinaldi, 2006; Wolfgang Edelstein, 2008a, 2008b, 2010). Þar sem lýðræðislegir starfshættir ríkja getur virk endurmenntun kennara farið fram í daglegu starfi með samræðum kennara og annars starfsfólks þar sem áhersla er lögð á virka hlustun, umburðarlyndi í skoðanaskiptum og samvinnu, með barnið í brennidepli. Skólinn er eina stofnun samfélagsins sem getur skipulagt slíka starfshætti fyrir kennara og öll börn. Tvennt skiptir máli í þessu samhengi, það er samvinna og virk hlustun.

Dewey (1916/2007) taldi lýðræði vera þá trú að ávinningur sé af *samstarfi*, að það skili árangri og að lýðræðisleg viðhorf felist í því að líta á þá sem okkur greinir á við sem einstaklinga sem við getum lært af og sem vini. Því þurfi að gefa ágreiningi rými í skólasterfi, eins og Ólafur Páll Jónsson (2011) orðar það í bók sinni *Lýðræði, réttlæti og menntun*, svo að hægt sé að takast á við ólíkar hugmyndir og koma á lýðræðislegum starfsháttum. Því það sem kveikir hugmyndir og festir lýðræðisleg vinnubrögð í sessi í skólum eru fyrst og fremst ólík sjónarmið barna og fullorðinna og þau lýðræðislegu augnablik sem þessir aðilar skapa þegar þeir koma skoðunum sínum á framfæri og ræða saman. Þess vegna verða skólar að hlúa að félagslegri hæfni barna með því að bjóða þeim virka aðild að þróun skólanna og halda uppi umræðu innan skólans um mótun hans og markmið (Wolfgang Edelstein, 2008a, 2008b).

Virk hlustun er forsenda þess að hægt sé að taka tillit til sjónarmiða þeirra sem að skólasterfi koma. Hún felst ekki einungis í því að hlusta á það sem börn, starfsfólk og foreldrar segja heldur felur hún í sér virk samskipti barna og kennara, umræðu um nám barna og túlkun á því sem börn gera. Síðast en ekki síst snýst virk hlustun um fjölbreyttan tjáningarmáta og ólíka námshneigð barna (Cannella og Kincheloe, 2002; Carr, 2001; MacNaughton, Hughes og Smith, 2007; Rinaldi, 2006). Virk hlustun er á ábyrgð hinna fullorðnu en með því að hlusta á það sem börn segja og gera öðlast kennarar betri skilning á námi þeirra og áhugasviði. Þannig getur hún orðið ein helsta endurmenntun kennara (Rinaldi, 2006). Í skóla þar sem lýðræðislegir starfshættir ríkja er hlustað á börn á virkan hátt. Lögð er áhersla á lýðræðislega samræðu og hlustað á skoðanir barna og upplifun á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og skólagöngu.

Lýðræðisleg samræða og samábyrgð

Í lýðræðislegri samræðu eiga allir að fá að sitja við sama borð. Börn eru líklega valdaminnstu aðilar skólasterfsins en jafnframt þeir sem mestra hagsmuna hafa að gæta (Clark, Kjörholt og Moss, 2005; James og James, 2001; James og Prout, 1997). Því þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að jafna völd í lýðræðislegri samræðu í skólum (Clark og Moss, 2001). Sérstakar aðferðir hafa verið þróaðar til að nálgast sjónarmið ungra barna og voru þær reyndar í þessu verkefni. Þær felast meðal annars í umræðuhópum barna, teikningum þeirra, ljósmyndum og skoðunarferðum. Lýðræðisleg samræða getur leitt til

Þess að skilningur á aðstæðum hvers og eins aukist og aðilar læri að setja sig hver í annars spor, setja fram skoðanir sínar, hlusta á sjónarmið hver annars og að miðla málum til að komast að niðurstöðu. Lýðræðisleg samræða getur þjálfað börn, foreldra og kennara í að taka sameiginlega ábyrgð á niðurstöðunni og fylgja henni eftir.

Rannsóknir sýna að kennarar telja starfsábyrgð sína felast fyrst og fremst í því að bregðast við þekkingarleit hvers barns og að mæta þörfum barna á faglegan hátt (Gardner, 2007; Jóhanna Einarsdóttir, 2008, 2010; Verducci, 2007). Í skólastarfi er talið að ekki sé hægt að mæta þörfum barna á ábyrgan hátt nema með umhyggju fyrir þeim og að ekki sé hægt að kenna samábyrgð nema með því að annast um og finna til ábyrgðar á einhverjum öðrum en sjálfum sér (Gardner, 2007; Noddings, 1992, 1995, 2003). Ef börnum, foreldrum og kennurum finnst þau ekki hafa áhrif á nám sitt, starf og umhverfi eru minni líkur á að þau taki ábyrgð á því – því ætti ábyrgð þeirra að aukast þegar áhrifin á skólastarf aukast. Þar sem lýðræðislegir starfshættir eru í heiðri hafðir þjálfast og æfast börn daglega í samábyrgð.

Samþætt lýðræðisnám og kerfisbundin tækifæri til þátttöku

Í leikskólum er lögð áhersla á að börn læri í leik og daglegu starfi í samvinnu við önnur börn. Nám þeirra á að vera samþætt og samofið öllu starfi skólans og byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það er í samræmi við það sem Dewey (1916/2007) lagði áherslu á fyrir margt löngu, að við lærum í verki. Lýðræði á að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Það á að vera sýnilegt í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námssviða leikskólans og vinnubrögðum kennara og annars starfsfólks, eins og segir í sameiginlegum hluta *Aðalnámskrár* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þetta næst meðal annars með því að bjóða kerfisbundin tækifæri fyrir börn, foreldra og starfsfólk til virkrar þátttöku í skólastarfi.

Með kerfisbundinni þátttöku er átt við formlegt samráð og hlutverk innan veggja skóla. Það á til dæmis við um ábyrgðarhlutverk í daglegu starfi skólans, svo sem að vera borðþjónn, vera veðurfræðingur, fá það verkefni að sópa gólf eða vökva blóm. Leikskóladeild er sú eining innan skólans sem er best til þess fallin að stuðla að þátttöku og þróa lýðræðislegan deildarbrag og þar með lýðræðislegan skólabrag. Þar er hægt að þjálfa, æfa og reyna lýðræðislega hugsun, viðhorf og hegðun dags daglega, alla daga. Foreldrafélag og foreldraráð bjóða til að mynda upp á góða æfing í fulltrúalýðræði og geta leitt af sér margs konar tækifæri til virkrar þátttöku foreldra í skólasamfélaginu. Starfsmannafundur, deildarfundir og annað samráð starfsfólks leikskóla eru einnig mikilvægur vettvangur til umræðu, áætlanagerðar og ákvarðanatöku. Leikskólinn þarf því að þróa á lýðræðisátt með þáttökumenningu að leiðarljósi.

Þátttaka barna, foreldra og starfsfólks í leikskólastarfi

Grundvallaratriði í lýðræðislegu skólastarfi er að hver og einn fái tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum og upplifi þannig að hann tilheyri samfélagi skólans (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009; Dewey, 1916/2007). Skólar sem leggja áherslu á lýðræði geta gert það með því að fjalla um réttindi manna í öllum athöfnum í skólanum og í samskiptum og samvinnu nemenda (Osler og Starkey, 2005; Wolfgang Edelstein, 2008a, 2008b, 2010). Foreldrar barna, kennarar og annað starfsfólk leikskóla eru hópar sem einnig eiga að fá að taka virkan þátt í skólastarfi. Niðurstöður rannsóknar meðal leikskólakennara á Íslandi sýna að þeim virðist umhugað um að leggja áherslu á lýðræðishugsun. Hjálpssemi og virðing fyrir öðrum eru þeim einnig ofarlega í huga (Kristín Dýrfjörð, 2006).

Nú á dögum er litið á börn sem hæfa og getumikla einstaklinga sem hafa gild sjónarmið fram að færa (Clark og Moss, 2001). Lögð er áhersla á að börn séu félagslegir gerendur í

nútiðinni en ekki einungis verðandi samfélagsþegnar framtíðarinnar (James og James, 2001; James og Prout, 1997). Litið er á börn sem sérfræðinga í eigin lífi og gert er ráð fyrir að þau hafi áhrif á umhverfi sitt (James og Prout, 1997; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Lýðræðisleg vinnubrögð er hægt að kenna í leikskóla, meðal annars með aðkomu barna að skipulagi og mati á starfi leikskólans og með því að efla sjálfs-ákvörðunarrétt þeirra með vali á verkefnum (*Lög um leikskóla* nr. 90/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Auk þess þarf að rækta hæfileika barna til tjáningar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og hæfni til mannlegra samskipta (*Lög um leikskóla* nr. 90/2008). Það er meðal annars gert með virkri þátttöku þeirra í mótun leikskólastarfs.

Uppeldi barna er á ábyrgð foreldra þeirra. Það á einnig við um leikskólagöngu barnanna (*Lög um leikskóla* nr. 90/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er því mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn yfir velferð og vellíðan barna og þarf því að ríkja traust milli foreldra og starfsfólks leikskóla svo að þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir um barnið. Kennarar þurfa að gefa foreldrum þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Dagleg samskipti foreldra og starfsfólks eiga að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Einnig á að hvetja foreldra til að hafa áhrif á starfið með því til að mynda að taka þátt í foreldraráði leikskólans og í innra mati á starfi hans (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Megináherslur leikskólakennara í starfi lúta að umönnun, óbeinni kennslu, samskiptum, samvinnu, leik og útivist (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009; Clark, Kjörholt og Moss, 2005; Jóhanna Einarisdóttir, 2004; OECD, 2001). Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) kemur fram að allt starfsfólk leikskóla eigi að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Leikskólastjóri á að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan skólans og stuðla að uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Leikskólakennarar eiga að vera leiðandi samverkamenn barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Mikilvægt er talið að starfsfólk geri virka hlustun að hversdagslegri athöfn, sé skapandi og noti fjölbreyttar aðferðir til að fá fram sjónarmið barnanna. Það þarf að koma á þeirri venju að sjálfsagt sé að leita eftir sjónarmiðum barna og að borin sé virðing fyrir því sem þau segja. Með því að hlusta á börn á virkan hátt fæst betri innsýn í hugsun þeirra og viðhorf og aukinn skilningur á námi þeirra og þroska (Rinaldi, 2006).

Af framansögðu er ljóst að gert er ráð fyrir að börn, starfsfólk og foreldrar taki virkan þátt í leikskólastarfi, að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra og að þau hafi áhrif á starfsemina.

Þróunarverkefni í leikskólanum Árbæ

Í leikskólanum Árbæ, sem er sex deilda leikskóli í sveitarfélaginu Árborg, kallaði starfsmannahópurinn eftir fræðslu og handleiðslu í innleiðingu lýðræðislegra starfshátta í anda ákvæða í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hafði leikskólastjóri samband við greinarhöfund sem sótti um styrk til Sprotasjóðs í samvinnu við leikskólastjóra og tók að sér að stýra verkefninu. Verkefnið fólst í fræðslu og umræðum, hugmyndavinnu og í þróun lýðræðislegra starfshátta innan leikskólans. Að endingu var skrifuð námskrá í lýðræði fyrir leikskólann og skýrsla um verkefnið.

Með markmið verkefnisins í huga þótti við hæfi að styðjast við aðferðir starfendarannsóknna en þá fá kennarar tækifæri til að skoða og ræða störf sín og þar með styrkja sig faglega og stuðla að framþróun í starfi. Framþróun í leikskólastarfi má lýsa sem mörgum lýðræðislegum sprotum í daglegu starfi þar sem börn og kennarar kanna, rannsaka, ræða

og ígrunda stórt og smátt. Slíkir starfshættir breyta viðhorfum þeirra sem upplifa þá og sjá kennarar þá oft nám barna og þekkingarleit í nýju ljósi. Ferlið er í fyrirrúmi og hvert skref er tekið út frá fyrri skrefum. Markmiðin felast í ferlinu sjálfu og þeirri reynslu og námi sem situr eftir hjá þeim sem tóku þátt í því.

Að mati Eddu Kjartansdóttir (2010), Hafþórs Guðjónssonar (2008) og Hopkins (1992) eru kennararnir sjálfir við stjórnvölinn í starfendarannsóknum og fá tækifæri til að staldra við og ígrunda störf sín og styrkja sig faglega í daglegu starfi. Starfsmannahópur sem tekur þátt í starfendarannsókn lærir af verkefninu og gerir þær breytingar á starfsháttum sem hann telur þurfa meðan á verkefninu stendur. Þannig eflir hópurinn áhrif sín á eigið starf sem felur í sér valdeflingu þeirra sem taka þátt og getur að því leyti einnig verið lýðræðisumbót (Kincheloe, 2006). Slík aðferð krefst þess að þátttakendur séu virkir svo að þeir hafi áhrif á framgang verkefnisins, sjái að athafnir þeirra leiða til einhvers og að með því að innleiða lýðræðislega starfshætti í leikskóla hafi þeir áhrif á starfsemi hans (Kincheloe, 2006; McNiff, 2002).

Starfsmannahópurinn tók undir hugmynd leikskólastjóra um að fá utanaðkomandi verkefnastjóra til að sjá um fræðslu fyrir starfsmannahópinn, stjórna mánaðarlegum umræðufundum, halda utan um tillögur og hugmyndir starfsmannahópsins og sjá um að koma samskiptasáttmála, námskrá og skýrslu á blað. Starfsmannahópurinn yrði þó við stjórnvölinn í rannsókninni þar sem hugmyndir hans og tillögur réðu för.

Grundvallarskref starfendarannsókna og um leið framkvæmdaáætlun verkefnisins fólust í eftirfarandi (McNiff, 2002):

- Núverandi starfshættir eru endurskoðaðir.
- Afmörkun á þáttum sem krefjast frekari skoðunar.
- Hugarflug um framtíðarstarfshætti.
- Nýjar starfsaðferðir reyndar.
- Fylgst með því sem gerist og hnökrað sniðin af.
- Mat á þróun starfshátta (rýnihópur).

Til að fylgjast með því sem gert var og skrá ferlið voru haldnir mánaðarlegir fundir veturinn 2012–2013 með verkefnisstjóra, leikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra. Einnig héldu deildarstjórar dagbækur í fjóra mánuði til að fylgjast með því hvernig þeir töldu ganga að innleiða lýðræðislegan deildarbrag á deildinni sinni. Dæmi úr dagbókar-skrifum voru lesin upp og rædd á mánaðarlegum fundunum.

Kennurunum voru kynntar ýmsar aðferðir til athugunar og skráningar. Aðferðirnar, sem síðan voru notaðar við gagnaöflun, voru:

- Fyrirliggjandi skjöl skoðuð, svo sem samskiptasáttmáli, dagskipulag, valkerfi.
- Umræður á fundum og starfsdögum. Umræður á sameiginlegum fundum þátttakenda voru skráðar.
- Dagbækur. Kennurunum voru afhentar dagbækur um áramótin þar sem þeir gátu skráð á óformlegan hátt hugleiðingar sínar um lýðræði í daglegu starfi, viðhorf sín og hvernig þeim leið. Dæmi voru lesin upp og rædd á reglulegum fundum.
- Mat stjórnenda á verkefninu í rýnihópsviðtali.

Verkefnisstjóri vann úr ofangreindum gögnum tillögu að samskiptasáttmála og hugmynda-banka um samþætt lýðræðisnám og um formleg tækifæri til þátttöku barna, foreldra og starfsfólks í starfi leikskólans. Einnig vann verkefnisstjóri tillögu að námskrá í lýðræði og

mannréttindum út frá þeim hugmyndum sem fram komu hjá starfsmannahópnum á skipulagsdögum og samráðsfundum. Tillögurnar voru bornar undir starfsmannahópinn og samþykktar. Að lokum var skýrsla um verkefnið skrifuð og send Sprotasjóði (Leikskólinn Árbær, 2013).

Niðurstöður

Ákveðið var að helga starfsdag í ágúst 2012 og í janúar 2013 fræðslu og umræðum um lýðræðislega starfshætti og að fá fram hugmyndir starfsmannahópsins að verkefnum og aðstæðum sem þörfuðust skoðunar hvað lýðræði varðaði. Eftir fræðslu verkefnisstjóra á starfsdegi í byrjun ágúst 2012 um það í hverju lýðræðislegir starfshættir fælust ákvað starfsmannahópurinn að takmarka þróunarverkefnið við eftirfarandi þætti:

- Gerð samskiptasáttmála fyrir börn, foreldra og starfsfólk.
- Hugmyndir um samþætt lýðræðisnám í daglegu starfi.
- Fræðslu um lýðræðislega samræðu og samvinnu.
- Hugmyndir starfsmannahópsins um formleg tækifæri til þátttöku barna, foreldra og starfsfólks í starfi leikskólans.
- Gerð námskrár í lýðræði og mannréttindum.

Ennfremur fjallaði verkefnisstjóri um mikilvægi lýðræðis í leikskólastarfi út frá lögum, aðalnámskrá, kenningum og fræðum á starfsdeginum. Gerð var grein fyrir einkennum lýðræðislegra starfshátta, lýðræðislegs skólabrags og deildarbrags í leikskólum. Stefnt var að því að móta og skrifa lýðræðisnámskrá leikskólans meðan á verkefninu stóð og að því verki yrði lokið vorið 2013.

Samskiptasáttmáli fyrir börn, foreldra og starfsfólk

Þar sem lýðræðislegir starfshættir í leikskólum felast fyrst og fremst í daglegum samskiptum barna, foreldra og starfsfólks ákvað starfsmannahópurinn að hefja þróunarverkefnið á því að endurskoða gildandi samskiptasáttmála Árbæjar. Í ljós kom að hann miðaðist við starfsfólkið og starfsandann í leikskólanum. Helstu áherslur hans voru að:

- starfsandinn í Árbæ einkennist af jákvæðni, hjálpsemi, sveigjanleika, hómor og gleði,
- starfsfólk hlakki til að mæta í vinnuna,
- starfsfólk styðji hvað annað og hafi gaman saman utan og innan vinnustaðarins,
- virðing sé borin fyrir öllum.

Þegar starfsmannahópurinn skoðaði sáttmálann með lýðræðislega starfshætti í huga ákvað hann að sáttmálanum yrði breytt þannig að hann næði einnig til barnanna og foreldra þeirra. Sáttmálinn var ræddur á sameiginlegum starfsmannafundi þar sem hugmyndum starfsmanna um nýjan sáttmála var safnað og á deildarfundum hvernar deildar, og ný útgáfa síðan samþykkt. Ákveðið var að efna til hugmyndasamkeppni meðal barna, foreldra og starfsfólks um merki leikskólans sem prýða skyldi samskiptasáttmálann. Niðurstöður funda starfsmanna um endurskoðun sáttmálans sýndu að starfsfólkið taldi umhyggju og aðgát eiga að skipa stóran sess í skólabrag Árbæjar og að starfsfólk ætti að mynda góð og náin tengsl við foreldra og börnin. Í nýja sáttmálanum segir einnig að starfið í Árbæ eigi að einkennast af gleði og ánægju svo að börn og starfsfólk hlakki til að mæta í leikskólann, og af jákvæðni og kurteisi þannig að vel sé tekið í hugmyndir og að allir kjósi að vera í góðu skapi og brosa. Virðingu og hjálpsemi var talið mikilvægt að sýna svo og aðgát í nærveru sálar. Starfsfólk lagði áherslu á að allt starfsfólk, foreldrar og börn tækju virkan þátt í starfi leikskólans, sýndu stuðning og ynnu saman á uppbyggilegan hátt. Loks taldi starfsfólkið áhuga á starfsemi leikskólans mikilvægan og að geta sýnt

sveigjanleika. Einnig að hugað væri að því „fyrir hvern hlutirnir eru gerðir og af hverju“ eins og deildarstjóri orðaði það.

Hlutverk starfsfólks, barna og foreldra voru einnig skilgreind í samskiptasáttmálanum. Þar er lögð áhersla á að *starfsfólkið* gefi sér tíma til samráðs, að upplýsingaflæði milli fólks sé gott, starfsfólk gefi skýr skilaboð og að starfsmenn virði, hrósi og hvetji hver annan til sjálfstæðis og frumkvæðis. Mikilvægt þykir að starfsfólk hlusti á aðra og virði skoðanir þeirra, sé hreinskilið og heiðarlegt, samábyrgt og haldi við góðri liðsheild. Einnig að starfsfólk sé jákvætt og hafi gaman af starfi sínu, sé stundvíst og virði tíma annarra. Tilgreint var að starfsfólk þyrfti að taka athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og læra af mistökum sínum.

Í samskiptum *foreldra* og starfsfólks kom starfsfólkið sér saman um að leggja áherslu á vellíðan barnanna og að vinna saman að velferð þeirra og sýna hvað öðru skilning, virðingu og traust. Að deila upplýsingum og sjónarmiðum um framfarir barnsins og taka sam-eiginlega ákvarðanir um nám þess. Mikilvægt taldist að nýta dagleg tækifæri til samskipta, til að ræða saman um líðan, nám og þroska barnsins og að meta skólastarfið saman.

Í sáttmálanum kemur fram að *börnin* eigi að fá tækifæri til að njóta bernsku sinnar í leikskólanum Árbæ, að upplifa gleði og ánægju í daglegu starfi, að þau fái að koma með hugmyndir sem vel er tekið undir og mæti góðu viðmóti. Börnin eiga að fá að læra að hjálpast að, sýna aðgát og vera nærgætin. Þau eiga að fá tækifæri til að taka virkan þátt í starfi leikskólans, koma með hugmyndir, fá að segja skoðun sína og hlusta á skoðanir annarra, og vera studd á uppbyggilegan hátt í leikskólanum.

Samskiptasáttmálinn var lagður fyrir foreldraráð til umsagnar og síðan kynntur foreldrahópnum öllum á kynningarfundi haustið 2013.

Sambætt lýðræðisnám í daglegu starfi

Deildarfundir voru nýttir til að ræða um hvernig hægt væri að auka lýðræði í daglegu lífi barnanna í leikskólanum. Þær hugmyndir sem ræddar voru og reyndar felast í því að:

- *Hver deild setji sér markmið í samvinnu við börnin.* Starfsfólk deildarinnar ræði við börnin um hvað þau hafa áhuga á að sjá og skoða yfir veturinn og búi sér til sýnilegan markmiðalista. Börnin ákveði til dæmis hvaða staðir verði heimsóttir í nærumhverfi leikskólans og hvert verði farið í gönguferðum. Einnig væri hægt að búa til hugmyndabanka í upphafi vetrar, setja hugmyndir að stöðum í krukku og draga svo reglulega miða upp úr krukku.
- *Skipulag hvernar deildar sé skýrt* og myndrænt og börnin taki þátt í því að semja umgengnisreglur á deildinni og aðrar reglur. Skipulag taki mið af því að börnin geti leikið í smærri hópum og að börnin séu ekki öll úti og inni á sama tíma.
- *Börnin hafi hlutverk* og skiptist, svo dæmi séu nefnd, á að vera söngstjóri, veðurfræðingur og þjónn.
- *Börnin hafi val.* Börnin sjái myndir af öllum efnivið sem þau hafa aðgang að og geta valið að nota. Þau búi við sveigjanleika þegar kemur að því hvað þau borða og hverju þau klæðast en þó innan skynsamlegra marka. Stundum þarf maður að verða blautur í fæturna eða kaldur á fingrunum til að átta sig á nytsemi stígvéla eða vettlinga.
- *Efniviður sé aðgengilegur* fyrir börnin; að bækur, leikföng og efniviður sé í þeirri hæð að börnin geti nálgast hann. Einnig að sá möguleiki sé fyrir hendi að leikefni eða bækur komi að heiman og að börnin fái að vera með slíkt efni í leikskólanum.

- *Hlustað sé á börnin á virkan hátt og starfsfólkið sé í nálægð við börnin í matar-tíma, í leik, í fataherbergi og í útveru og noti þá tíma til lýðræðislegra samskipta við börnin. Að hugarflug fari fram með þátttöku barna til að ákveða hvað eigi að gera í til að mynda listakrök eða tónlist. Einnig að börn taki þátt í rýnihópum og nefndum um mál á borð við afmæli, sumarhátíðir og fleira.*

Í umræðum starfsfólks kom í ljós hversu stóran þátt dagskipulagið á í því að stuðla að lýðræði í leikskólanum eða draga úr því. Með því að minnka barnahópa og auka nálægð starfsfólks við börnin var hægt að efla lýðræði í samskiptum barna og starfsfólks, auka val barna, styðja betur sjálfsákvörðunarrétt og fylgja áhugasviði hvers og eins oftar eftir.

Lýðræðisleg samræða og samvinna

Starfsfólk leikskólans var frætt um lýðræðislega samræðu og samvinnu á starfsdeginum í ágúst 2012. Í þeirri fræðslu lagði verkefnastjóri áherslu á að allt starfsfólk sæti við sama borð hvað snertir aðgang að upplýsingum svo það gæti tekið upplýsta afstöðu til málefna og fengi tækifæri til að „melta hlutina“, eins og einn leikskólakennarinn orðaði það, áður en ákvarðanir væru teknar. Rætt var um hvernig staðið væri að því að jafna stöðu og völd í starfsmannahópi þar leikskólakennarar eru í minnihluta og ófaglært starfsfólki í meirihluta, í samskiptum starfsfólks og barna og samskiptum starfsfólks og foreldra. Í því sambandi var talið mikilvægt að borin væri virðing fyrir bakgrunni hvers og eins og að allir hefðu eitthvað fram að færa í því að gera leikskólastarf eins gott og unnt er. Kom fram í umræðum starfsfólks að allir ættu rétt á því að segja hug sinn, að á sig væri hlustað og að viðkomandi hlustaði einnig á aðra starfsmenn í starfsmannahópnum.

Verkefnastjóri brýndi fyrir starfsmannahópnum að skapa rúm fyrir ágreining og að fólk þyrfti ekki alltaf að vera sammála. Það þyrfti um leið að geta sett sig í annarra spor og séð málin af sjónarhóli annarra. Einn deildarstjóri viðurkenndi fyrir starfsmannahópnum að hann hefði hafið fyrsta fund vetrarins á deildinni sinni með því að „segja“ samstarfsmönnum sínum hvernig hann vildi að hlutirnir gengju fyrir sig á deildinni. Hann bað samstarfsfólk sitt afsökunar á því og sagðist sjá samskiptin í öðru ljósi eftir fræðslu dagsins. Annar deildarstjóri tók sem dæmi að hann stæði frammi fyrir því að ákveða hvort hann gæti tekið að sér nema úr Háskóla Íslands. „Á ég að bera það undir starfsmenn deildarinnar eða ... hversu lýðræðisleg á ég að vera?“ Deildarstjórinn hikaði við að taka ákvarðanir án þess að bera þær fyrst undir samstarfsmenn.

Starfsmannahópurinn ræddi einnig mikilvægi hlutverks stjórnenda í að miðla málum þegar málefnið hefðu verið rædd og að ljúka umræðu með því að komast að niðurstöðu sem flestir gætu unnið eftir. Þá fannst starfsfólkinu að flestir kæmst frá málum „með sigur í hjarta“ eins og einn starfsmaðurinn orðaði það. Rætt var að starfsmannahópurinn þyrfti að átta sig á því að hann yrði að taka sameiginlega ábyrgð á niðurstöðu og fylgja henni eftir. Í því fælist ábyrgð starfsmannsins á starfi sínu. Þegar starfsmannahópurinn hefði náð góðum tókum á þessum vinnubrögðum gæti hann kennt barnahópnum þau.

Formleg tækifæri til þátttöku í starfi leikskólans

Með það fyrir augum að auka formleg tækifæri *barna, starfsfólks og foreldra* til þátttöku og áhrifa á starf leikskólans ákvað starfsmannahópurinn að skoða sérstaklega hvernig staðið væri að

- áætlanagerð,
- almennri ákvarðanatöku,
- mati á starfi leikskólans og
- mati á námi barnanna,

en það eru allt viðfangsefni sem *Aðalnámskrá leikskóla* leggur áherslu á að leysa eigi á lýðræðislegan hátt.

Starfsfólkið

Starfsfólk Árbæjar sá að hægt væri að vinna saman að áætlunum, til dæmis fyrir lista-skála og sal, þvert á deildir. Unnið var að gerð þeirra yfir veturinn á nokkrum fundum. Einnig taldi starfsfólkið hægt að endurskoða valkerfin sem voru notuð inni á sumum deildum og gera þau lýðræðislegri. Ákvað hver deild að þróa valkerfi sem væri lýðræðislegt og hentaði aldri barnanna á hverri deild. Áhugi var á því að börnin tækju þátt í að búa til umgengisreglur inni á deildum, þá sérstaklega eldri börnin. Ákveðið var að hefja næsta vetur á gerð slíkra reglna ásamt því að börnin settu fram óskir um starfsemi yfir veturinn, til að mynda óskir um gönguferðir, heimsóknir og fleira. Óskirnar yrðu skrifaðar niður og gerðar sýnilegar. Þannig gætu börnin fylgst með því þegar búið væri að uppfylla þær og merkt við. Fram kom á deildarstjórafundi að allar ákvarðanir væru teknar á deildarstjórafundum eða á deildarfundum og virtist ríkja lýðræði í þeim málum í leikskólanum.

Deildarstjórnir sáu tækifæri í því að hafa börn með í tilteknum nefndum, til dæmis matarnefnd sem færir reglulega yfir matseðilinn með matráði og afmælisnefnd sem hefði það hlutverk að endurskoða hvernig haldið væri upp á afmæli barnanna í leikskólanum. Taldi starfsfólkið þátttöku barna, starfsfólks og jafnvel foreldra í nefndum auka fulltrúa-lýðræðið í leikskólanum og vera gott tækifæri til að efla lýðræðislega starfshætti í leikskólanum.

Börnin

Verkefnastjóri útbjò bækling með upplýsingum um mat barnanna á starfi leikskólans og hvaða aðferðir væru heppilegar til þess og voru þær kynntar og ræddar á skipulagsdegi í janúar 2013 (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Taldi starfsfólkið þær koma að gagni í daglegu starfi og að börnin gætu metið reglulega ýmsa þætti í starfinu, svo sem útiveru, valstundir, matartíma og samverustundir, svo eitthvað sé nefnt. Tveir deildarstjórar prófðu aðferðirnar um vorið á afmörkuðum þáttum. Kom það öðrum deildarstjóranum á óvart hvað börnin höfðu ákveðnar skoðanir á hlutunum og gátu sett þær skýrt fram. Þó fannst honum erfitt að fá börnin til að taka þátt og sýna áhuga. Til dæmis spurði deildarstjórinn barnahóp á deildinni hvaða reglur ættu að gilda þar. Þá sagði eitt barnið: „...æ, ég veit það ekki ... þú mátt bara ráða því.“ Deildarstjóranum fannst hann þurfa að þjálfa börnin í nokkurn tíma í því að koma að skipulagi og ákvarðanatöku.

Foreldrar

Reglulegar kannanir eru lagðar fyrir foreldra af hálfu bæjarfélagsins og stóð til að gera könnun um vorið 2013. Niðurstöður lágu ekki fyrir þegar verkefninu lauk. Einnig eru haldin foreldraviðtöl einu sinni á ári og snúast þau að hluta um mat foreldranna á starfi leikskólans. Hluti af undirbúningi fyrir foreldraviðtölin er skráning á framförum barnanna í *Heilsu-bók barnsins*. Starfsfólk ákvað í kjölfar fræðslu um lýðræðislega starfshætti að vinna þá skráningu á lýðræðislegri hátt en áður. Oft hefur deildarstjórinn séð einn um að skrá í heilsubókina en nú var lögð áhersla á að vinna skráninguna á deildarfundum því betur sjá augu en auga. Fannst starfsfólkinu sú umræða sem skapaðist um framfarir barnanna skila miklu. Ófaglærða starfsfólkið lærði mikið af henni og leikskólakennararnir sáu að þeir gátu kennt starfsfólki deildarinnar mikið um framfarir hvers barns og að starfið á deildinni hafði orðið faglegra fyrir vikið. Lýðræðislegri vinnubrögð við skráningu á framförum og námi barnanna voru þó tímafrekari en fyrra fyrirkomulag.

Námskrá í lýðræði og mannréttindum

Unnið var að námskrá leikskólans á starfsdegi í janúar 2013. Vinnan hófst á því að hver deild kom saman til umræðu og hugarflugs um innihald hennar. Síðan hittist allur starfs-

mannahópurinn á sal og var farið yfir þær tillögur sem fram komu á deildarfundunum. Góður samhljómur var milli deilda og svipaðar hugmyndir viðraðar á fundunum. Niðurstaða starfsmanna var sú að námskránni yrði skipt í eftirfarandi þætti:

- Leikskólinn og samfélagið
- Börnin
- Starfsfólkið
- Foreldrar

Hver þáttur hefst á markmiði og leiðir sem starfsfólkið kom sér saman um eru tilgreindar eins og hér fer á eftir.

Leikskólinn og samfélagið

Lýðræðislegt uppeldi í Árbæ gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir vegg leikskólans engu síður en samstarfi í skólanum. Starfshættir leikskólans taka mið af umhverfi hans og leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu. Stefnt er að virku samstarfi við æskulýðs- og íþróttastarf og grenndarsamfélag innan Árborgar með áherslu á samábyrgt og sjálfbært samfélag. Það verður gert með:

- heimsóknum í nánasta umhverfi leikskólans og umræðum um það sem þar er að finna,
- þátttöku í viðburðum á vegum sveitarfélagsins, svo sem fyrir jóla,
- kynningu á íþróttastarfi í sveitarfélaginu, til dæmis með íþróttadegi,
- samstarfi við eldri borgara í Grænumörk,
- starfi við bókasafn, tónlistarskóla, leikskóla, grunnskóla, kirkju, lögreglu og slökkvilið með reglulegum heimsóknum ásamt samstarfi við leikfélag Selfoss,
- því að halda dag leikskólans hátíðlegan og gera starf leikskólans sýnilegt í samfélaginu.

Börnin

Í leikskólanum Árbæ er vilji til að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfsins og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans Árbæjar. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Leggja skal áherslu á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum.

Það verður gert með því að:

- börnin komi að vali á viðfangsefnum og leiksvæði
- dagskipulagið sé sniðið að einstaklingsmiðuðum þörfum barnanna með sveigjanlegu skipulagi,
- hlusta á börnin á virkan hátt – vinna út frá þeirra áhugasviði,
- gefa rúman tíma til að vinna/leika,
- starfsfólkið sé með börnunum úti og inni,
- veita börnunum ábyrgð og treysta þeim,
- auka lýðræðið og þátttöku barnanna með aldri þeirra.

Starfsfólkið

Leikskólastjóri Árbæjar er faglegur leiðtogi leikskólans og leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans á að hafa möguleika á að taka virkan þátt í starfi leikskólans og að hafa áhrif.

Það verður gert með því að:

- starfsfólk upplifi sig sem þátttakendur í að ákvarða skipulag,
- starfsfólk fái góðar upplýsingar,
- starfsfólk komi til móts við hvað annað,
- nýta vel deildarfundi/starfsmannafundi/skipulagsdaga til umræðu.

Foreldrar

Í leikskólanum Árbæ eru farnar fjölbreyttar leiðir í samstarfi við fjölskyldur barnanna. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra byggist á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu annarra. Milli starfsfólks og fjölskyldna barnanna á að ríkja traust og gagnvirk samskipti þar sem aðilar geta deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Það verður gert með því að:

- eiga góð dagleg samskipti,
- hafa foreldraviðtöl og foreldrakaffi tvisvar á ári,
- hafa kynningarfund að hausti og senda reglulega tölvupóst/upplýsingabréf,
- foreldraráð og foreldrafélag sé virkt,
- virða skoðanir foreldra varðandi uppeldi barnsins og aðbúnað í leikskólanum,
- gefa sig að foreldrum í daglegum samskiptum,
- vinna vel að aðlögun í upphafi og einnig þegar börn fara yfir á eldri deildir,
- tala um styrkleika barnsins – margt sem gerist í daglegu starfi sem gaman er að deila með foreldrum,
- virða fjölbreytileika foreldrahópsins og nýta hæfileika foreldra,
- hvetja foreldra til að taka þátt í starfi leikskólans, til dæmis íþróttadegi.

Unnið verður að nánari útfærslu á námskránni í daglegu starfi inni á hverri deild í samræmi við aldur barnanna.

Mat stjórnenda leikskólans á verkefninu

Mat á verkefninu fór fram í rýnihópi stjórnenda leikskólans en í honum áttu sæti leikskólastjóri, sex deildarstjórar og sérkennslustjóri. Rýnihópaviðtalið fór fram þriðjudaginn 4. júní 2013 í leikskólanum.

Stjórnendur leikskólans lýstu því hvernig þróunarverkefnið hefði styrkt þá í trú sinni á gildi lýðræðis í leikskólastarfi. Þeir töldu þó lýðræði vera flókið og hugtakið vítt.

Deildarstjórnarnir sögðu hugarfarsbreytingu hafa orðið í leikskólanum þennan vetur. Þeir töldu sig vera meðvitaðri um það hvernig þeir störfuðu og spyrja sig oft að því hvort ákvörðun sem þeir tækju eða mál sem þeir leystu væri „lýðræðislegt“. Deildarstjórnarnir töldu „stífnina farna úr húsinu, andinn er öðruvísi, fólk er slakara og líður betur.“ Einn stjórnandinn taldi ... „meiri umræðu vera um starfið og við meiri fagmenn.“ Stjórnendurnir sögðu ellefu starfsmenn vera að fara í nám, bæði grunnám og framhaldsnám, og töldu

það vera einn afrakstur verkefnisins, aukinn áhugi á starfinu og löngun til að halda áfram að læra. Spurðir að því hvort einungis hefði orðið hugarfarsbreyting í leikskólanum eða hvort þeir merktu breytingu í starfsháttum var svar eins deildarstjórans: „Hugur og hönd fara saman, starfið hefur einnig breyst.“

Helsta breytingin gagnvart starfsfólkinu fólst í því að „þær átta sig betur á því að þær geta sjálfar tekið ákvarðanir,“ sagði deildarstjóri. „Það var gott fyrir starfsfólk að koma sér út úr lærðu hjálparleysi, starfsfólkið hefur gott af því að hugsa og ákvarða sjálft, leysa hlutina sjálft ... það gengur allt smurt inni á deild þó að ég, deildarstjórinn, sé ekki á staðnum,“ sagði deildarstjóri.

Hvað snertir börnin fannst deildarstjóra starfsfólk farið að horfa öðruvísi á starfið og spyrja sig af hverju það segði nei við barnið. „Við hlustum meira á börnin,“ sagði hann. Börnunum bauðst val í flestum aðstæðum og tók deildarstjóri dæmi af stúlku „sem gengur um brosandí af því að hún hefur meira um daglegt líf sitt að segja, til dæmis hvernig hún klæðir sig áður en hún fer út“. Stjórnandi sagði „börnin vera að læra lýðræði í lýðræði“.

Leikskólastjóri upplýsti foreldra um verkefnið í fréttabréfi haustið 2012. Einnig var talað um það í foreldraviðtölum og var fyrirhugað að kynna niðurstöður þess á fundi haustið 2013. Foreldraráð og foreldrafélag leikskólans er virkt í starfi hans en leikskólastjóranum fannst um þetta verkefni eins og önnur að standa mætti betur að samráði: „Við erum aldrei nógu duglegar að láta foreldra vita hvað við erum að gera hér í leikskólanum og hafa foreldrana með í ráðum.“

Samantekt og umræður

Tilgangur þróunarverkefnisins var að auka lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum Árbæ og stuðla að fræðslu og umræðum meðal starfsfólks um það hvað felst í lýðræðislegum skólabrag, viðhorfi og starfsháttum. Einnig að leita eftir hugmyndum frá starfsmanna- hópnum um starfshætti sem styrkja lýðræðislegan skólabrag í leikskólanum, reyna þær einn vetur í daglegu starfi og meta verkefnið að því loknu. Loks skyldi semja námskrá í lýðræði fyrir leikskólann sem unnið yrði eftir.

Þegar verkefnið var metið af stjórnendum leikskólans kom í ljós að áður en þróunarverkefnið hófst hafði starfsfólkið lítið velt fyrir sér hvernig lýðræði tengdist daglegu starfi innan leikskólans. Gildandi samskiptasáttmáli laut að samskiptum starfsmanna og starfsgleði þeirra en tók hvorki til barna né foreldra. Lítil hefð var fyrir því að hlusta markvisst eftir skoðunum barnanna og áhugasviði og skipulag, ákvarðanatöku og mat á starfi leikskólans var í höndum starfsfólks og að einhverju leyti foreldra með könnunum sem sveitarfélagið lét framkvæma. Ástæður þessa voru að stórum hluta vanþekking starfsfólks á því í hverju lýðræðislegt skólastarf felst. Fyrsta skrefið var því að tengja lýðræði daglegu starfi leikskólans (Dewey, 1916/2007; Malaguzzi, 1993; Rinaldi, 2006; Wolfgang Edelstein, 2008a, 2008b, 2010).

Hvað varðar hugmyndir meðal starfsfólks um það sem felst í lýðræðislegum skólabrag, viðhorfum og starfsháttum má segja að lýðræði hafi í huga starfsfólks við upphaf verkefnisins snúist um kosningar og meirihlutavilja. Tilhneiging var til að leita til leikskólastjórans með álitamál og ákvarðanatöku um dagleg mál. Einnig var tilhneiging hjá starfsfólki til að varpa ábyrgð á deildarstjóra. Eftir því sem leið á verkefnið jókst samvinna starfsfólksins og ábyrgð þess á verksviði sínu að sama skapi. Er það í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem sýna að lýðræðisleg samvinna, siðir og venjur stuðli að sjálfstæði fólks í starfi (Dewey, 1916/2007; Malaguzzi, 1993; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; Noddings, 1992, 1995, 2003).

Hvað varðar hugmyndir um starfshætti sem styrkja lýðræðislegan skólabrag, þá fór starfsfólkið smám saman að velta fyrir sér hvernig hægt væri að mæta börnunum á jafningjagrunni, auka þátttöku þeirra og áhrif á starfsemi leikskólans og að haga skipulagi starfsins þannig að börnin hefðu eitthvað um það að segja (Dewey, 1916/2007; Rinaldi, 2006; Wolfgang Edelstein 2008a, 2008b, 2010). Hugarflugsfundir inni á deildum skiluðu nokkrum tillögum um aukin áhrif barnanna á val á verkefnum og að þau tækju þátt í að móta reglur deildarinnar. Einnig þjálfaði starfsfólkið sig í því að hlusta á börnin á virkan hátt (Cannella og Kincheloe, 2002; Carr, 2001; Rinaldi, 2006).

Á reglulegum fundum verkefnastjórnar og á fræðslufundum talaði starfsfólkið um að þátttaka þess í verkefninu hefði orðið þess valdandi að það fór að verða sveigjanlegra í samskiptum sínum við börnin og fylgjast betur en áður með líðan þeirra og áhuga og styðja við þau. Það taldi viðhorf sín til barnanna hafa að vissu leyti breyst, þau voru höfð með í ráðum í auknum mæli og oftast var leitað eftir sjónarmiðum þeirra. Er það í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna mikilvægi lýðræðislegra viðhorfa hjá starfsfólki leikskóla (MacNaughton, Huges og Smith, 2007).

Í lok verkefnisins var starfsfólkið orðið meðvitaðra um viðhorf sín til barnanna, foreldra og hvert til annars og taldi sig líta starfið öðrum augum en áður. Það sem helst vafðist fyrir því var „hversu lýðræðislegt“ það átti að vera, eins og einn deildarstjórinn orðaði það. Sumt starfsfólk átti við vott af ákvarðanafælni að stríða þar sem það taldi sig þurfa að bera öll mál undir samstarfsfólk, foreldra og börn. Áður tóku til að mynda deildarstjórar ákvarðanir og sögðu starfsfólki á sinni deild hvernig hlutirnir ættu að ganga fyrir sig. Að sama skapi spurði starfsfólkið sig hvað væri við hæfi að bera undir börnin og foreldra og hvað ekki. Kom þriðja grein *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013)* að góðu gagni, en þar segir að allar ákvarðanir er varða börn skuli byggðar á því sem barninu er fyrir bestu. Einnig gat starfsfólkið stuðst við lög um leikskóla (*Lög um leikskóla nr. 90/2008*) þegar kom að samskiptum við foreldra en lögin undirstrika að uppeldi barna er á ábyrgð foreldra þeirra. Því ætti starfsfólk leikskóla að vera í góðu samstarfi við foreldra um allar ákvarðanir sem tengjast námi barnsins. Þegar verkefnið var metið kom fram hjá stjórnendum að starfsfólkið væri „með lýðræðisglæraugun uppi“ þegar starfið væri skipulagt og metið og þegar teknar væru ákvarðanir dag frá degi.

Í þróunarverkefninu sem hér hefur verið lýst var lögð áhersla á að auka þekkingu starfsfólks leikskólans Árbæjar á lýðræðislegum viðhorfum og starfsháttum og veita því stuðning við að þróa lýðræðislegan skólabrag. Niðurstöður sýna áhugaverðar vangaveltur starfsfólks í leikskólanum Árbæ í þá veru að auka þátttöku starfsfólks, foreldra og barna í starfi leikskólans og ákvarðanatöku og auka formleg tækifæri til þátttöku í starfinu. Þeirri vinnu lauk með gerð námskrár í lýðræði og mannréttindum sem mun nýtast öllum sem að skólastarfi Árbæjar koma.

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: *Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla* (óútgefin doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–98). Reykjavík: RannUng.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). Mat barna á leikskólastarfi: Markmið og leiðir. Sótt af <http://arbaer.arborg.is/leikskolinn/throunarverkefni-skolaarid-2012-til-2013/>

- Cannella, G. S. og Kincheloe, J. L. (2002). *Kidworld: Childhood studies, global perspectives, and education*. New York: Peter Lang.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.
- Clark, A., Kjörholt, A. og Moss, P. (2005). *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services*. Bristol: Policy Press.
- Dewey, J. (2007). *Democracy and education*. Teddington: The Echo Library (upphaflega gefið út 1916).
- Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>
- Gardner, H. (2007). Who is responsible for good work? Í H. Gardner (ritstjóri), *Responsibility at work: How leading professionals act (or don't act) responsibly* (bls. 1–18). San Francisco: Jossey-Bass.
- Hafþór Guðjónsson. (2008). Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/002/index.htm>
- Hopkins, D. (1992). *A teacher's guide to classroom research*. Philadelphia: Open University Press.
- James, A. og James, A. L. (2001). Childhood: Toward a cultural politics of childhood identities. Í N. Rapport (ritstjóri), *British subjects: An anthropology of Britain* (bls. 143–162). Oxford: Berg.
- James, A. og Prout, A. (1997). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 1–7). London: RoutledgeFalmer.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Tvær stefnur – tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 13(2), 57–78.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi* (bls. 115–130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/017.pdf>
- Kincheloe, J. L. (2006). *Teachers as researchers: Qualitative inquiry as a path to empowerment*. New York: Routledge.
- Kristín Dýrfjörð. (2006). Lýðræði í leikskólum: Um viðhorf leikskólakennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2006/009/index.htm>
- Leikskólinn Árbær. (2013). *Lýðræðislegir dagar: Lýðræði í leikskólasterfi* [þróunarverkefni]. Sótt af http://www.rha.is/static/files/leikskolinn_arbaer_nr30_lokaskyrsla.pdf
- Lög um leikskóla nr. 48/1991.*
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.*
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.*

Lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013.

MacNaughton, G., Hughes, P., og Smith, K. (2007). Young children's rights and public policy: Practices and possibilities for citizenship in the early years. *Children and Society*, 21(6), 458–469.

Malaguzzi, L. (1993). History, ideas and basic philosophy. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman (ritstjórar), *The hundred languages of children* (bls. 57–61). Norwood: Ablex.

McNiff, J. (2002). *Action research for professional development*. Sótt af <http://jeanmcniff.com/booklet1.html>

Menntamálaráðuneytið. (1985). *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/>

Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers College Press.

Noddings, N. (1995). *Philosophy of education: Dimensions of philosophy series*. Colorado: Westview Press.

Noddings, N. (2003). *Happiness and education*. Cambridge: Cambridge University Press.

OECD. (2001). *Starting strong: Early childhood education and care*. París: Höfundur.

Osler, A. og Starkey, H. (2005). *Changing citizenship: Democracy and inclusion in education*. Maidenhead: Open University Press.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Verducci, S. (2007). The ability to respond. Í H. Gardner (ritstjóri), *Responsibility at work: How leading professionals act (or don't act) responsibly* (bls. 43–63). San Francisco: Jossey-Bass.

Wolfgang Edelstein. (2008a). Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði?: Hæfni og færni í draumalandi. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfánarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), *Menntaspor: Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008* (bls. 65–78). Reykjavík: Sögufélag.

Wolfgang Edelstein. (2008b). *Skóli – nám – samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.khi.is/greinar/2010/005/index.htm>

Um höfund

Anna Magnea Hreinsdóttir (annah@gardabaer.is) er leikskólafulltrúi Garðabæjar. Hún lauk námi í tómtundafræðum frá Göteborgs folkhögskola árið 1980, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2003. Árið 2009 lauk hún doktorsþrófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Áhersla rann-

sókna hennar hefur verið á mat á leikskólastarfi og sjónarmið barna. Hún hefur unnið sem leikskólastjóri og rekið leikskóla í tugi ára.

Efnisorð

leikskóli – lýðræði – réttindi barna – starfendarannsókn – þróunarstarf

About the author

Anna Magnea Hreinsdóttir (annah@gardabaer.is) is the preschool administrator of Gardabaer, Iceland. She earned a degree in leisure studies from Göteborgs folkhögskola in 1980, a B.Ed. degree in preschool studies from the Iceland University of Education in 1999 and a masters degree from the same university in 2003. She finished her Ph.D. from the School of Education, University of Iceland, in 2009. Her research field has been preschool evaluation and children's voices. She has worked as a preschool principal for many years.

Key words

preschool – democracy – children's rights – action research – developmental work



Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). „Hversu lýðræðisleg á ég að vera?“ Þróunarstarf um lýðræði og mannréttindi í leikskólanum Árbæ. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/009.pdf>